

## Starfsreglur áhættunefndar Borgunar

### 1. Samsetning

Stjórn Borgunar skipar áhættunefnd („nefndin“) í samræmi við ákvæði 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Nefndin, sem er undirnefnd stjórnar, skal skipuð þremur (3) mönnum hið minnsta. Í það minnsta tveir nefndarmanna skulu koma úr stjórn félagsins. Starfsmenn Borgunar mega ekki sitja í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa yfir að búa þeirri þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að móta áhættustefnu og áhættuvilja Borgunar.

### Samsetning

Stjórn skal kjósa eða tilnefna formann, sem hefur vald til að koma fram fyrir hönd nefndarinnar á milli funda.

### Formaður

Nefndin skal halda í það minnsta fjóra fundi á ári og aukafundi eftir því sem þörf er á til að uppfylla starfsskyldur nefndarinnar. Fundir geta verið í formi síma- eða fjarfunda ef þörf er á. Fundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti nefndarmanna er mættur.

### Fjöldi og tíðni funda

Nefndin setur sér starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs þar sem fram koma helstu efnisatriði til að tryggja að starfsskyldur nefndarinnar séu uppfylltar. Áætlunin er ætluð til að auðvelda skipulag funda, en getur tekið breytingum eftir því sem þörf er á til að tryggja tímanlega umfjöllun um mikilvæg mál á starfssviði nefndarinnar.

### Starfsáætlun

Nefndin skipar ritara nefndarinnar. Nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerðir. Hafi nefndarmaður verið fjarstaddir skal hann með áritun sinni á fundargerð staðfesta að hann hafi kynnt sér efni hennar.

### Ritari

### 2. Heimildir áhættunefndar

### Heimildir

2.1 Nefndinni er veitt heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar að því marki sem hún telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Slíkt skal tilkynnast formanni stjórnar með formlegum hætti.

### Ótakmörkuð heimild til að leita til ráðgjafa

2.2 Nefndin getur leitað til einstakra starfsmanna og fengið upplýsingar sem hún óskar eftir. Hún hefur einnig ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

### Aðgangur að starfsmönnum og upplýsingum

### **3. Hlutverk og ábyrgðarsvið**

### **Hlutverk**

Ábyrgðarsvið áhættunefndar er eftirfarandi:

- |     |  |   |
|-----|--|---|
| 3.1 | Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, og áhættustýringu. Meta árlega skilvirkni, áreiðanleika innra eftirlits og áhættustýringa sem og hlítni þessara þátta við lög. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem kunna að koma fram.   | <b>Innra eftirlit, innri endurskoðun og áhættustýring</b> |
| 3.2 | Nefndin skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn fyrirtækisins, m.a. vegna móturnar áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins. Í þessum tilgangi skal nefndin funda í það minnsta árlega með forstjóra og áhættustjóra þar sem farið er yfir helstu áhættuþætti í rekstri félagsins. | <b>Mat á helstu áhættuþáttum og áhættustýringum</b>       |
| 3.3 | Nefndin skal kenna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu félagsins. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins skal nefndin leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.     | <b>Eftirlit með starfskjarastefnu</b>                     |
| 3.4 | Tryggja að engar óeðlilegar hömlur eða skorður séu settar varðandi umfang áhættustýringa, áhættustjóri hafi nauðsynlegan aðgang að upplýsingum og aðstæður séu að öðru leyti þannig að áhættustjóri geti sinnt starfsskyldum sínum á fullnægjandi hátt.  | <b>Óeðlilegar hömlur á áhættustýringu</b>                 |
| 3.5 | Áhættustjóri og aðrir þeir sem koma að áhættustýringum ættu að ræða öll þau mál sem þeir telja ástæðu til við nefndina sem og ágreining sem kemur upp í tengslum við vinnu þeirra.   | <b>Fundir með aðilum</b>                                  |
| 3.6 | Fara yfir og endurmeta árlega hvort reglur nefndarinnar séu fullnægjandi.  | <b>Reglur yfirlfarnar</b>                                 |
| 3.7 | Stjórnin getur sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar innra eftirlit eða áhættustýringar. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að nánari skoðun eða eftirfylgni í hverjum þeim málum sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma.                                      | <b>Önnur mál frá stjórninni</b>                           |

- 3.8 Koma með tillögur til stjórnar vegna mála innan verksviðs **Tillögur** nefndarinnar sem hún hefur orðið áskynja um og nefndin telur að gefi tilefni til umfjöllunar stjórnar.

#### 4. Ábyrgð

Áhættunefnd ber ábyrgð á þeim skyldum sem koma fram í reglum þessum. Stjórnendur fyrirtækisins bera ábyrgð á áhættustýringum og innleiðingu innra eftirlits.

Reykjavík, 20. júní 2018.



Elin Jónsdóttir

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Elin Jónsdóttir". Below the signature, the name is written again in a smaller, cursive font.